

Góðan dag

Eftirfarandi er umsögn sveitarstjórnar Bláskógabyggðar vegna frumvarps til laga um breytingar á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur):

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna (kosningaaldur) - 1902006

Lögð var fram beiðni stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, dags. 31. janúar 2019 um umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um kosningar til sveitarstjórna, áður á dagskrá á 225. fundi. Frestur til að veita umsögn er til 21. febrúar. Einnig lögð fram umsögn ungmennaráðs Bláskógabyggðar vegna málsins.

Sveitarstjórn er fylgjandi því að ungt fólk fái aukið hlutverk varðandi málefni sem varða íbúa og samfélagið. Sveitarstjórn telur rétt að fyrstu skref á slíkri vegferð séu stofnun ungmennaráða, sem starfa nú í mörgum sveitarfélögum, hvatning til vals á ungu fólki í nefndir sveitarfélaga og sérstök fræðsla um lýðræðis- og stjórnmál og stjórnsýslu almennt. Ungmennaráð Bláskógabyggðar leggur áherslu á að fræðsla um stjórnmál verði gerð að skyldu í 8. til 10. bekk og tekur sveitarstjórn undir það sjónarmið. Gera má ungmennaráð virkari í stjórnsýslu sveitarfélaga og hafa nokkur sveitarfélög stigið það skref að veita fulltrúum úr ungmennaráðum sæti í nefndum sem áheyrnarfulltrúar. Huga má einnig að því að skipa ungmenni til setu í starfshópum sem sveitarfélög starfrækja oft um afmörkuð viðfangsefni.

Lögræðisaldur miðast nú við 18 ára aldur og miðast það aldursmark við það að börn fái að vera börn fram að þeim aldri og þau séu þannig vernduð fyrir áreiti og ógnum samfélagsins.

Sveitarstjórn telur ekki rétt að aðskilja kosningarétt og kjörgengi og telur því að kosningaréttur og kjörgengi eigi að fylgja sjálfræðisaldri og kosningaaldur verði því áfram 18 ár við sveitarstjórnarkosningar eins og verið hefur. Einnig bendir sveitarstjórn á að skoða megi það að fleiri réttindi yrðu samræmd ákveðnum aldri til dæmis við 18 ár.

F.h. sveitarstjórnar,

Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri